

## Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla

Mættir voru á aðalfundinn úr stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla: Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson, Inga Brynja Magnúsdóttir og Helga Erla Albertsdóttir.

Heiðarskóli 28. maí 2018 kl. 19:30. Aðalfundur

---

### Dagskrá aðalfundar:

1. Fundur settur
2. Kosning fundarstjóra
3. Kosning fundarritara
4. Skýrsla stjórnar
5. Skýrsla gjaldkera
6. Lagabreyting á lögum félagsins
7. Kosning til stjórnar og skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

#### 1. Fundur settur

Aðalfundur Foreldrafélags Heiðarskóla var settur af formanni foreldrafélagsins Kristjáni Geirssyni.

#### 2. Kosning fundarstjóra

Ragnheiður Garðarsdóttir var kosin fundarstjóri.

#### 3. Kosning fundarritara

Helga Erla Albertsdóttir var kosin fundarritari.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Kristján Geirsson formaður Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir ársskýrslu stjórnarinnar og gerði grein fyrir störfum stjórnarinnar á skólaárinu 2017-2018.

#### 5. Skýrsla gjaldkera

Magnús Andrésdóttir gjaldkeri Foreldrafélags Heiðarskóla fór yfir rekstrarreikning félagsins skólaárið 2017-2018. Skoðunarmenn Gísli A Jónasson og Elísabet Björnsdóttir hafa yfirfarið rekstrarreikninginn og samþykkt með undirritun sinni. Rekstrarreikningur skólaársins 2017-2018 var borinn upp til samþykktar á aðalfundinum og var hann samþykktur af öllum aðilum fundarins.

## 6. Lagabreytingar á lögum félagsins.

### **Ein tillaga er lögð fram á fundinum frá stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla um breytingu á árgjaldi**

Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla gerir tillögu um breytingu á árgjaldi. Liður 3.0 í handbók Foreldrafélags Heiðarskóla er getið um reikninga og árgjald félagsins. Árgjald á hvert heimili til Foreldrafélags Heiðarskóla hefur verið kr. 2000 óháð fjölda barna á heimili. Tillaga stjórnar FFHS er: Stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla leggur til að árgjaldið hækki úr kr. 2000 í kr. 3000 óháð fjölda barna á heimili.

Rökstuðningur hækkunar: Foreldrafélagið hefur og er að styrkja alla nemendur Heiðarskóla til muna ár frá ári vegna skólaferðalaga, fyrirlestra, menningarferðar og fræðslutengdra erinda sem telja á milli 300 til 400 þúsund krónur á ári. Til að mæta kostnaði vegna þessa leggjum við til þessa hækkun.

**Tillagan um hækkun árgjalds í kr 3.000 var samþykkt.**

## 7. Kosning stjórnar og kosning skoðunarmanna reikninga

**Stjórn:** Aðilar í stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla skólaárið 2017-2018 voru Kristján Geirsson, Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson, Inga Brynja Magnúsdóttir, Magnús Ragnarsson, Arnar Stefánsson og Helga Erla Albertsdóttir. Aðilar í stjórninni bjóða sig aftur fram. Engar aðrar tillögur komu fram um breytingu eða viðbætur í stjórn og var samþykkt að stjórn Foreldrafélags Heiðarskóla yrði áfram óbreytt.

**Skoðunarmenn:** Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga yrðu Gísli A. Jónasson og Elísabet Lovísa Björnsdóttir.

## 8. Önnur mál

Vorferðalög - fyrirspurn hvort Foreldrafélag Heiðarskóla hefði eitthvað aðhafst með tillögur um að samræma vorferðalög og hafa fjölbreyttari en vorferðir hafa verið mjög einhæfar og oft eins milli ára hjá einstaka árgöngum. Umræður um vorferðalög og hvernig hægt að bregðast við. Bekkjarfulltrúar gætu til dæmis komið að skipulagi vorferða. Því miður lítið verið yfirfarið af Foreldrafélaginu á þessu skólaári. Lagt til að þetta verði tekið upp á nýju skólaári og var það samþykkt.

Á aðalfund Foreldrafélags Heiðarskóla mættu eingöngu 4 foreldrar auk stjórnarinnar og þykir stjórn það miður hve dræm þátttaka foreldra er.

Aðalfundi var slitið kl 20:30.